

Alþingi
Erindi nr. P 137/165
komudagur 12.6.2009



Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
b/t Hildar Evu Sigurðardóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. júní 2009.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum (4. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á ofangreindum lögum vegna innleiðingar reglugerðar ESB nr. 1013/2006.

Viðskiptaráð gerir einkum þrjár athugasemdir við frumvarp þetta. Í fyrsta lagi er það mat ráðsins að sú skýrslugerð rekstraraðila, sem kveðið er á um í 2. gr. og 3. gr. frumvarpsins, sé í senn bæði íþyngjandi og óþörf. Ekki er að finna ákvæði um sambærilega upplýsingagjöf í reglugerð þeirri sem frumvarpinu er ætlað að innleiða né vísan til þess hvernig slíkri upplýsingagjöf er almennt háttað innan ESB. Að auki er erfitt að sjá fyrir nauðsyn slíkrar upplýsingagjafar þegar liggur að mestu fyrir að skila þarf inn töluverðum fjölda gagna og upplýsinga til Umhverfisstofnunar við flutning úrgangs hverju sinni. Skortir því verulega á rökstuðning fyrir skyldum þessara ákvæða.

Viðskiptaráð leggur til að 2 og 3. gr. frumvarpsins verði felldar brott.

Í öðru lagi brýnir Viðskiptaráð fyrir nefndinni, ráðuneytinu og UST að gjald það er kveðið er á um í e. lið 3. gr. taki aðeins mið af kostnaði við veitta þjónustu skv. frumvarpinu. Alltof of virðist pottur brotinn hvað þetta varðar og opinber gjaldtaka tekur þar með stöðu skatta. Vegna þessa er einkar mikilvægt að samráð verði haft við fleiri hagsmunaaðila en UST, líkt og þau fyrirtæki sem falla strax undir ákvæði laganna, þegar gjaldskrá ráðherra er til meðferðar í ráðuneytinu.

Viðskiptaráð leggur til að kveðið verði á um það í e. lið 3. gr. frumvarpsins og/eða greinargerð þess með því ákvæði að ráðherra skuli leita álits og umsagna fleiri en UST við samningu fyrrgreindrar gjaldskrár.

Í þriðja lagi mætti skýra ákvæði frumvarpsins um tryggingar betur til samræmis við fyrrgreinda reglugerð ESB. Í reglugerðinni er t.a.m. kveðið á um að viðeigandi eftirlitsstofnun megi falla frá því að ábyrgð sé skilað inn með tilkynningum um útflutning og þess í stað sé tilvist ábyrgðar sönnuð með tilheyrandi hætti, sbr. 5. tl. 4. gr. reglugerðarinnar. Jafnframt er ekki að finna í frumvarpinu ákvæði um hvenær tryggingunni skuli skilað aftur til rekstraraðilans, en skv. reglugerðinni á það að gerast þegar eftirlitsstofnunin hefur fengið tilskilið skírteini um

meðhöndlun úrgangsins, sbr. e. liður 16. gr. reglugerðarinnar. Í því ákvæði eru svo sett tímamörk á skilum slíkra skírteina.

Viðskiptaráð leggur til að f. lið 3. gr. verði breytt annars vegar þannig að rekstraðilum sé heimilt að leggja fram sönnun um tilvist ábyrgðar í stað þess að tryggingu sé framvísað í hvert skipti. Hins vegar er lagt til að kveðið sé á um hvenær og í hvaða tilvikum UST beri að skila tryggingum aftur til rekstraraðila.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki óbreytt fram að ganga.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs